

325. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ, þriðjudaginn 7. júlí 2026, kl. 16:00.

Mætt: Þuríður B. Ægisdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar, Hreinn Ágúst Kristinsson, fulltrúi Reykjanesbæjar, Hermann Jónsson, fulltrúi Suðurnesbæjar og Eðvarð Atli Bjarnason, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Ásmundur E. Þorkelsson, framkvæmdastjóri (fundarritari) og J. Trausti Jónsson. Magnús Már Jakobsson, fulltrúi Grindavíkurbæjar, boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Kynning á starfsemi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja
2. Kosning formanns Heilbrigðisnefndar Suðurnesja
3. Starfsleyfi og skráningar
4. Málefni Premium of Iceland, Brekkustíg
5. Önnur mál

Eftirtalin hafa verið tilnefnd til setu og varamennsku í heilbrigðisnefnd Suðurnesjasvæðis:

Reykjanesbær

Aðalmenn: Þuríður B. Ægisdóttir og Hreinn Ágúst Kristinsson

Varamenn: Guðdís Eiríksdóttir og Steinunn Ósk Valsdóttir

Suðurnesjabær

Aðalmaður: Hermann Jónsson

Varamaður: Önnundur S Björnsson

Vogar

Aðalmaður: Eðvarð Atli Bjarnason

Varamaður: Andri Rúnar Sigurðsson

Grindavík

Aðalmaður: Magnús Már Jakobsson

Varamaður: Guðbjörg Eyjólfsdóttir

Tilnefning af hálfu samtaka atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu liggur ekki fyrir.

Nefndarlaun eru þannig að formaður fær 80.564 fyrir hvern fund og aðrir nefndarmenn 64.452. Auk þess fá nefndarmenn utan Reykjanesbæjar akstursgreiðslur.

Framkvæmdastjóri setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Kynning á starfsemi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

Framkvæmdastjóri kynnti lauslega hlutverk nefndarinnar, embættisins og þá lagaumgjörð sem um það gildir. Áhersla var lögð á þær breytingar sem nú standa fyrir dyrum.

2. Kosning formanns Heilbrigðisnefndar Suðurnesja

Starfsmenn og framkvæmdastjóri véku af fundi.

Puríður B. Ægisdóttir var kjörinn formaður.

Starfsmenn komu aftur á fundinn.

3. Starfsleyfi og skráningar

Í samræmi við bókun nefndarinnar undir 4. tl. á 320. fundi er lögð fram fundargerð afgreiðslufundar embættisins (sjá viðhengi). Nefndin staðfestir fundargerðina.

4. Málefni Premium of Iceland, Bakkastíg

Farið var yfir feril málsins. Ákvörðun heilbrigðisnefndar frá 324. fundi um dagsektir hefur verið skotið Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

5. Önnur mál

Ákveðið var að halda næsta fund miðvikudaginn 5. ágúst n.k. klukkan 16.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 18:21

Afgreiðslufundur HES nr. 5

Haldinn 7. júní 2026

Mætt: Ásmundur E. Þorkelsson, J. Trausti Jónsson, Sonja Hrund Steinarsdóttir og Eydís Martinsdóttir.

1. Kaffi skúrin ehf. - Kaffihús - Starfsleyfi

Lögð fram umsókn Kaffi skúrin ehf. kt. 711006-0600 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir kaffihúsi á Skagabraut 86, 251 Suðurnesjabæ. Fasteignanúmer: F2095907. Ný starfsemi. *Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

2. Golfklúbbur Vatnsleysustrandar ehf. - golfskáli með fullbúnu eldhúsi - Endurnýjun starfsleyfis

Lögð fram umsókn Golfklúbbur Vatnsleysustrandar ehf. kt. 5308922559, þar sem sótt er um starfsleyfi til að reka golfskála með fullbúnu eldhúsi við Kálfatjörn. Fasteignanúmer: F 222-4342. Endurnýjun starfsleyfis. *Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

3. Samherji fiskeldi ehf. - mötuneyti og starfsmannabúðir - Starfsleyfi

Lögð fram umsókn Samherja fiskeldi ehf. kt. 610406-1060 þar sem sótt er um starfsleyfi til að reka mötuneyti og starfsmannabúðir að Kalmanshrauni 1, Reykjanesbæ. Lóðarnúmer: L237006. Ný starfsemi. *Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

4. Antycyponek ehf. - Heimagisting - Starfsleyfi.

Lögð fram umsókn Antycyponek ehf., kt. 6104261740, þar sem sótt er um starfsleyfi til að reka heimagistingu að Hafnargötu 76, 230 Reykjanesbæ. Fasteignanúmer: F2089363. Ný starfsemi. *Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

5. Eyja villas ehf. - Gistiheimili - Starfsleyfi.

Lögð fram umsókn Eyja Villas ehf., kt. 5903181320, þar sem sótt er um starfsleyfi til að reka gistiheimili að Suðurgötu 2-4, 245 Suðurnesjabæ. Fasteignanúmer: F2095057. Ný starfsemi. *Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

6. Brim Bistro ehf. - Veitingastaður - Starfsleyfi

Lögð fram umsókn Brim Bistro ehf., kt. 4506260740 þar sem sótt er um starfsleyfi til að reka veitingastað að Norðurljósavegi 2, 251 Suðurnesjabæ.

Fasteignanúmer: F2359164. Ný starfsemi. *Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

7. **Lagnapjónusta Þorsteins ehf. (540799-2539)**

Niðurrif á asbesti Víkurbraut 50, 240 Grindavík. Tímabundin starfsemi.

Skráning samþykkt: 18. maí 2026.

8. **Jón og Margeir ehf. (680807-2130)**

Niðurrif mannvirkja Víkurbraut 38, 240 Grindavík. Tímabundin starfsemi.

Skráning samþykkt: 21. maí 2026.

9. **Lagnapjónusta Þorsteins ehf. (540799-2539)**

Niðurrif á asbesti Garður-Verbraut, 240 Grindavík. Tímabundin starfsemi.

Skráning samþykkt: 1. júní 2026.

10. **Sveins verk ehf. (431115-0180)**

Niðurrif mannvirkja Hóp 1, 240 Grindavík. Tímabundin starfsemi.

Skráning samþykkt: 23. júní 2026.

11. **Víkurfrakt ehf. (430406-0190)**

Niðurrif mannvirkja Víkurbraut 40, 240 Grindavík. Tímabundin starfsemi.

Skráning samþykkt: 23. júní 2026.

12. **EBK ehf (460406-0210)**

Olíubirgðastöð, Pétursvellir 6, 262 Reykjanesbæ. Endurnýjun starfsleyfis.

Gefið út 1. júní, gildistími 12 ár.

13. **Hreinlætislausnir Áfangar ehf (640496-2169)**

Framleiðsla og pökkun á hreinsi- og þvottaefnum, Hólmlbergsbraut 5, 230

Reykjanesbæ. Ný starfsemi.

Gefið út 1. júní, gildistími 12 ár.

14. **Reykjabúið (581187-2549)**

Alifuglaeldi ehf Sjávargötu 1, 245 Suðurnesjabæ. Endurnýjun starfsleyfis.

Gefið út 1. júní, gildistími 12 ár.